

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 23. febrúar kl. 9:04, var haldinn 129. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Ragna Sigurðardóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Hjálmar Sveinsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Örn Þórðarson og áheyrnarfulltrúinn Anna Maria Wojtynska. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með rafrænum hætti: Ólöf Örvarsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Inga Rún Sigurðardóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir sem situr fundinn með rafrænum hætti.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. og 18. febrúar 2022.

2. Vitastígur 9 og 9A, breyting á skilmálum (01.174.0) Mál nr. SN210809
deiliskipulags

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg. Í breytingunni felst niðurrif húsanna og enduruppbygging ásamt hækkun á nýtingarhlutfalli og byggingarmagni lóðanna, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 18. október 2021 og 15. nóvember 2021. Lagt til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

3. Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á (01.19) Mál nr. SN210771
deiliskipulagi

Lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 16. nóvember 2021 varðandi breyting á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Breytt deiliskipulag nær til speglunar BT húss sem lækkar til austurs að Hvannargötu í stað vesturs að Fífilsgötu og færslu bílastæða, samkvæmt uppdr. Spítal ehf. dags. 17. febrúar 2022. Lagt til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

4. Borgartún 8-16A, breyting á deiliskipulag (01.220.1) Mál nr. SN220066

Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 3. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingareit er bætt við á 8. hæð Katrínartúns 6 fyrir glerbyggingu, samkvæmt uppdr. PK arkitekta dags. 4. apríl 2008, br. 2. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

5. Skipholt 5, minnkun lóðar (01.241.2) Mál nr. SN220095

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. febrúar 2022 um minnkun lóðarinnar nr. 5 við Skipholt, samkvæmt breytingablaði og lóðauppdraetti dags. 11. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

(B) Byggingarmál

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lagðar fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1150 og 1151 frá 8. og 15. febrúar 2022.

(E) Samgöngumál

7. Njálsgata 83, sérmerkt stæði fyrir Mál nr. US220047
hreyfihamlaðan einstakling, tillaga -
USK22010020

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 18. febrúar 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að bílastæði við Njálsgötu 83, staðsett við Njálsgötu 82-84, verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling. Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

8. Sérmerkt stæði fyrir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, við Lindargötu, tillaga - USK22020058 Mál nr. US220048

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 21. febrúar 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að eitt bílastæði við Lindargötu 1-3 (Arnarhvoll) verði sérstaklega merkt ráðherra háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

(D) Ýmis mál

9. Umhverfis- og skipulagssvið, uppgjör janúar til nóvember 2021, Mál nr. US200295

Lagt fram ellefu mánaða uppgjör í aðal- og eignasjóði umhverfis- og skipulagssviðs 2021.

10. Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu 2020 - 2024, Mál nr. US220030
umsögn - USK22010136

Lögð fram umsagnarbeiðni skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn skipulags- og samgönguráðs varðandi samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. janúar 2022, ásamt fylgigögnum og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. febrúar 2022.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Byggja á eina sorpbrennslustöð fyrir landið allt og málið dautt. Það verkefni á fyrst og fremst að vera á vegum ríkisins í samvinnu við öll sveitarfélögin í landinu. Það er ófært að hvert sveitarfélag fyrir sig sé að búa til heimatilbúnað lausnir við förgun brennanlegs úrgangs. Þingmenn Miðflokksins hafa ítrekað lagt fram þessar hugmyndir í formi þingsályktunartillögu – sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0086.html> Það er mikil þröngsýni að hún hafi ekki löngu verið samþykkt. Að auki þarf staðarval að vera vel ígrundað því við brennslu verður til orka sem nota má til húshitunar. Það er því einboðið að koma hátæknibrennslustöð sem þjónar öllu landinu á köldu svæði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða breytta úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur tekið þennan meirihluta langan tíma að kveikja á þessari peru. Að safna lífrænum úrgangi á söfnunarstað er gömul saga hjá bæði sumum öðrum sveitarfélögum og nefna má Ungmennaráð Kjalarness sem lagði fram tillögu um söfnun lífræns sorps sem hófst síðan sem tilraunaverkefni á Kjalarnesi. Svo fulltrúi Flokks fólksins tekur undir orð fulltrúa á fundi Samtaka sveitarfélaga í vikunni sem sagði LOKSINS. Mörgum spurningum er þó ósvarað sem dæmi hvenær fæst nothæf molta úr GAJU? Reyndar

hefur því verið svarað af starfsmanni SORPU á fundi Sambandsins og svarið var "ég veit það ekki". Einnig hafa ekki fengist svör við hvort SORPA hafi kannað hvort ávinningur sé af því að bjóða út sorphirðu í þriggja tunnu kerfi? Í því sambandi má benda á að aðrir aðilar í sorphirðu hafa boðið það að plast og pappír geti verið í sömu tunnunni og þar með fækkað tunnum við heimili sem er sparnaður og aukin þjónusta við borgarbúa? Fjöldi íláta er stór póstur og helst í hendur við hirðutíðni. Fleira er enn óljóst eins og t.d. að tillögurnar gera ráð fyrir að sveitarfélögin skaffi pappírspoka undir lífúrgang og fyrirkomulagið í því sambandi liggur ekki fyrir.

11. Skerjafjörður Þ5, kæra 134/2021, Mál nr. SN210580
umsögn, úrskurður

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. ágúst 2021 ásamt kæru dags. 8. ágúst 2021 þar sem kærð er niðurstaða borgarstjórnar frá 20. apríl 2021 varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Skerjafjörð. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. ágúst 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 3. febrúar 2022. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. apríl 2021 um að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir Nýja Skerjafjörð.

12. Úlfarsárdalur - Úlfarsbraut 100-104 og (02.6) Mál nr. SN210673
106-110, kæra 151/2021, umsögn,
úrskurður

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. september 2021 ásamt kæru dags. 27. september 2021 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóðanna Úlfarsbraut 100-110. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 3. nóvember 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 18. febrúar 2022. Úrskurðarorð: Kröfu um ógildingu hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar vegna lóðanna Úlfarsbrautar 100-110 er vísað frá úrskurðarnefndinni. Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvarðana byggingarfulltrúans í Reykjavík um samþykkt byggingaráforma frá 31. ágúst 2021 og 14. desember s.á. á lóðunum Úlfarsbraut 106 og Úlfarsbraut 110.

13. Kjalarnes - Ytri-Tindstaðanáma, kæra Mál nr. SN210761
162/2021, afturköllun kæru

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 9. nóvember 2021, ásamt kæru, dags. 8. nóvember 2021, þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um veitingu framkvæmdaleyfis, dagsett 29. september 2021, fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi. Einnig er lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. febrúar 2022, vegna afturköllunar kæru.

14. KR svæðið - Frostaskjól 2-6, nýtt (01.516.9) Mál nr. SN210824
deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir KR-svæðið.

15. Geirsgata 9, breyting á deiliskipulagi (01.117.3) Mál nr. SN220038

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Geirsgötu.

16. Háaleitisbraut 1, breyting á deiliskipulagi (01.252.1) Mál nr. SN210571

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs frá 10. febrúar 2022 á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1.

17. Vesturbæjarsundlaug, breyting á (01.526.1) Mál nr. SN220054 deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar.

18. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US210315 vegna umsóknar um leyfi til rekstrar, umsögn

Lögð fram umsögn þjónustu og nýsköpunarsviðs, skrifstofu þjónustuhönnunar, dags. 3. febrúar 2022.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn frávísun.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Stafræn umbreyting Reykjavíkurborgar sem nú stendur yfir gengur út á að einfalda þjónustuferla borgarinnar og gera þá notendavænni. Þar sem heildstæð vinna stendur þegar yfir við að einfalda ferla sem tillagan tekur m.a. til er tillögunni vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað frá með þeim rökum að heildstæð vinna stendur þegar yfir við að einfalda ferla. Þetta hefur að mati Flokki fólksins of hægt. Umsækjendur bera sig illa, segja að afgreiðsla gangi hægt og er flækjustig ferla mikið. Setja átti stafræna ferla fyrir þetta svið, sem og velferðarsvið og skóla og frístundasvið í forgang sem ekki var gert. Nú er þriðja árið runnið upp og þjónustu- og nýsköpunarsvið fær restina af 10 milljörðunum og en vantar sárlega margar stafrænar lausnir á þessu svið. Sú umsögn sem hér er birt er gömul tugga. Tillagan stendur sterkt og getur lifað áfram enda um einfaldan og eðlilegan hlut þ.e. að sá sem sækir um leyfi til rekstrar af hvers lags tagi þurfi aðeins að hafa samband við einn aðila í borgarkerfinu, í stað margra. Nýjustu tíðindi af vettvangi er að umsagnarferli tekur langan tíma mun meira en 45 daga eins og fram kemur á heimasíðunni. Er ekkert að marka það sem stendur á heimasíðuna? Stafrænar lausnir fyrir Sviðið væru löngu komnar ef leitað hefði verið samstarfs við aðra sem komnir eru lengra með stafrænar lausnir af þessu tagi.

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa Mál nr. US220041

Tillaga Flokks fólksins að skipulags- og samgöngusvið kanni öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa. Vegfarendur sjá ekki að bíll er á leiðinni út, enda ekið út úr

húsi. Oft hefur legið við slysi þegar bíll kemur akandi út úr bílastæðahús/kjallara og ökumaður gætir ekki að því að á sama tíma gæti hjólandi eða gangandi vegfarandi verið að fara fram hjá. Þarna þarf að merkja vel báðu megin frá, bæði fyrir ökumann sem er að aka út úr bílastæðahúsi, að hann sé minntur á að aka löturhægt út þar sem gangandi eða hjólandi gæti verið að fara fram hjá. Að sama skapi þarf að vera áberandi skilti á gangstétt áður en kemur að útkeyrslu bílastæðahúss þar sem náð er athygli vegfarenda að bíll gæti skyndilega ekið út úr bílastæðahúsinu.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs.

20. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram Mál nr. US220044
svohljóðandi fyrirspurn, vegna umferðar á
Lækjargötu

Hluti Lækjargötu hefur verið lokaður fyrir umferð síðan í maí 2018 vegna hótelframkvæmda og hefur borgin einungis fengið í sinn hlut rúmar 100 þúsund krónur fyrir að leigja þennan hluta götunnar til byggingaraðila. Hvenær stendur til að opna götuna á ný fyrir bílaumferð?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

21. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram Mál nr. US220038
fram svohljóðandi fyrirspurn, um Gufunes,
Loftkastala

Fyrirspurnir Flokks fólksins vegna lóðanna Gufunesvegur 34. Þengilsbás 1 sem skipt var í tvennt. Reykjavíkurborg setti sem eitt af skilyrðum framkvæmdaleyfis að það yrði samráð um sveigjanleika með m.a. aðkomu og innkeyrslur í útgefnu framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og fl. í Gufunesi. Einnig hefur skipulagshöfundur sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að mikið hafi borið af leið frá kynntu skipulagi. Nú situr borgarþingi uppi með skertar eignir vegna samskipta- og samráðsleysis. Vandinn snýr að því að það er ekki sama gólfhæð í tveimur samliggjandi húsum en þessi mismunandi hæð hindrar nýtingu þar sem ekki er hægt að renna stórum hlutum, leikmunum, á milli húsa. Staðan er núna óásættanleg. Af gögnum má ráða að gefið hafi verið út framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Gufunesi sem ekki fellur að þeim húsum sem sem fyrir eru í Gufunesi? Þessi gatnagerð hindrar nýtingu húsa Loftkastalans. Fulltrúi Flokks fólksins spyr: Hvernig á að nýta húsnæði ef engin er aðkoman og gatnagerð í Gufunesi fellur ekki að þeim húsum sem fyrir eru? Spurt er einnig: Á eftir að hafa þetta samráð við lóðarhafa t.d. þegar kemur að lokaútfærslu lóðar og hvernig lóðin tengist götunni? Hvenær á að ganga í þetta mál og leysa það? Loftkastallinn þarf að fá úrlausn mála sinna þannig að hægt sé að renna stórum hlutum á milli húsa.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

22. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram Mál nr. US220039
fram svohljóðandi fyrirspurn, um
merkingar og sektir á Bryggjugötu 4

Fyrirspurn Flokks fólksins um merkingar á vistgötu og sektir í aðkeyrslu að Edition Hótel við höfnina. Aðkeyrslan að hótelinu er þannig að það er pláss fyrir bíla á svokallaðri vistgötu en þarna er merkingum ábótavant og óljóst

hvort megi leggja þarna. Dæmi eru um að fólk hafi lagt þarna í góðri trú til að sinna erindum en fengið síðan háa sekt. Þarna er bann við lagningu í vistgötu nema í sérmerktum stæðum en litlar sem engar merkingar eru um að þarna sé vistgata og óheimilt að leggja. Fulltrúi Flokks fólksins fékk þá upplifun við að heyra lýsingar fólks sem lent hafa í þessu að það sé eins og verið sé að að leiða fólk í gildru. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum frá Bílastæðasjóði um merkingar á þessari götu og á þessum stað nákvæmlega sem er Bryggjugata (101) 4 og hvort talið sé að þær séu nægjanlegar? Óskað er einnig upplýsinga um hvað margir hafa verið sektaðir nákvæmlega þarna á þessum svæði sem fyrirspurnin snýr að?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs.

23. Vetrarþjónusta á götum og göngu- og hjólastígum, Mál nr. US220036

Kynning á vetrarþjónustu á götum og göngu- og hjólastígum í Reykjavík.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum starfsfólki borgarinnar og verktökum við vetrarþjónustu fyrir ómetanlega elju seinustu daga, starfsfólki sem unnið hefur við að halda götum og stígum opnum í einhverri mestu snjókomu seinustu fimm ára. Gatna- og stígakerfið í borginni nær vel yfir 2 þúsund kílómetra. Götum og stígum er forgangsraðað og lenda stofnæðar, gönguleiðir að strætóstöðvum og plön stofnana efst í þeim forgangi. Nauðsynlegt að er endurmeta reglulega vinnulag og forgangsroðun við vetrarþjónustu og stefna að því að auka við göngu- og hjólastíga til að auðvelda þeim sem notast við umhverfisvæna fararmóta að gera það, óháð veðuraðstæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarbúar hafa nú allir fengið að finna á eigin skinni hversu illa hefur verið staðið að vetrarþjónustu og snjómokstri í borginni. Ástandið hefur verið alvarlegt í öllum hverfum borgarinnar, ekki síst í efri hverfum þar sem snjóþyngst er. Íbúar hafa átt í erfiðleikum með að komast ferða sinna, jafnt akandi, gangandi og hjólandi. Snjómokstur hefur verið með betri hætti á stofnbrautum í umsjón Vegagerðarinnar. Ástandið á göngustígum, hjólastígum og íbúðagötum hefur víðast verið slæmt, eins og endalausar kvartanir frá íbúum bera vitni um. Dæmi eru um að íbúar hafi ekki komist út úr götum sínum og lokast inni með bíla sína svo dögum skiptir. Þessi þjónustuskerðing hefur einnig komið niður á almenningssamgöngum og sorphirðu. Sorphirðubílar hafa ekki komist inn í þær götur sem ekki hafa verið ruddar og rusl safnast upp þar. Snjómokstur er hluti af þeirri grunnþjónustu sem sveitarfélaginu ber að sinna og er mikið öryggisatriði fyrir alla vegfarendur. Hér er enn eitt dæmi um verkefni sem meirihlutinn ræður ekki við, takist ekki að sinna þeirri grunnþjónustu sem henni ber. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks færa engu að síður starfsfólki vetrarþjónustu bestu þakkir fyrir þeirra ósérhlífnu störf og sömuleiðis ábendingar um það sem aflaga hefur farið hjá þeim sem stýra og bera ábyrgð á málaflökknum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Síðustu vikur birtist glögggt á hvaða breiddargráðu Reykjavíkurborg er. Vetur konungur hefur heldur betur minnt á sig sem er frábært. Slíkt er aldrei að finna í glærusýningum borgarinnar – hvorki í uppbyggingaráforum né borgalínuglærunum þar sem sýnd er sól og aftur sól. Það er stór undarlegt

að Reykjavíkurborg og Vegagerðin séu ekki með samvinnu í vetrarþjónustu Reykjavíkur. Snjómoksturinn hefur því tvo aðskilda hausa sem vita ekki hvað hinn gerir. Starfsandi er í molum innan raða starfsmanna vetrarþjónustunnar. Eftirfarandi birtist í Morgunblaðinu 21 febrúar sl.“ Starfsmenn vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar hafa fengið sig fullsadda með það sem þeir nefna „hringlandahátt, þekkingar- og skilningsleysi á verkefninu og virðingarleysi í [sinn] garð,“ af hálfu borgaryfirvalda. Þeir sendu bréf þess efnis til yfirmanna sinna í janúar, en hafa engin svör fengið.“ Starfsaðstaða starfsmanna er ömurleg og kvartað er undan mismunun, hroka og einelti, sem séu rótgróin í Reykjavíkurborg segir í bréfinu. Hér birtist enn ein starfsstöðin hjá borginni sem er með mannauðsmálin í molum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill hrósa starfsmönnum vetrarþjónustunnar sem sinna snjóhreinsuninni og færir þeim sínar bestu þakkir fyrir störf sín. Þessi vinna hlýtur að vera sérlega erfið. Það snjóar, rignir, frýs, snjóar meira, hlánar, frís o.s.frv. Þetta hefur og er oft engin venjuleg tíð. Klakinn hleðst upp og má sjá fyrir sér að vélarnar ráði ekki við þetta. Þegar verst lætur hlýtur þetta að vera mikið álag á þessa starfsmenn og fjölskyldur þeirra enda hvorki spurt um hvort sé dagur eða nótt, virkur dagur eða rauður dagur. Bestu þakkir. Ofan á þetta bætist eins og fram hefur komið í bréfi frá starfsmönnum sem sent var til allra borgarfulltrúa og í fréttum að eitthvað mikið er að í baklandinu á þessum vinnustað. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram fyrirspurnir um það mál, hverjir séu ábyrgir fyrir alvarlegu ástandi sem þarna ríkir. Einnig er því velt upp hvar Mannauðsdeildin er í öllu því máli? Minnt er á hlutverk Mannauðsdeildar í málum sem þessum. Mannauðsdeild á að koma inn sem lausnarúrræði, stuðningsúrræði og taka utan um starfsfólkið, hlúa að því og hvetja. Hefur Mannauðsdeildin gert það í þessu máli? Það er ótækt að starfsmenn búi við svo neikvæðar vinnuaðstæður í svo miklu álagsstarfi sem þessu.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson skrifstofustjóri, Björn Ingvarsson deildarstjóri og Ásdís Ásbjörnsdóttir mannauðsstjóri taka sæti á fundinum með rafrænum hætti.

24. Lyklafellslína og Hamraneslína, kynning Mál nr. SN220081

Kynning á áformum Landsnets um breytingar á Lyklafellslínu og Hamraneslínu.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri, Haraldur Sigurðsson deildarstjóri, Rúnar Dýrmundur Bjarnason frá Mannviti og Smári Jóhannsson og Rut Kristinsdóttir frá Landsneti taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 11:04 vikur Hjálmar Sveinsson af fundi.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um vetrarþjónustu Reykjavíkur Mál nr. US220051

Þann 21.02.2022 fengu allir borgarfulltrúar og fleiri bréf frá starfsmönnum vetrarþjónustu sem lýsa mikilli óánægju og vanlíðan. Segir í texta með bréfinu að "bréf þetta fjallar um það sem við teljum vera þekkingarleysi, ófullnægjandi aðbúnað, óboðlegt vaktafyrirkomulag og mismunun í garð starfsfólks sem sér um vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar". "Í öðru lagi fjallar það um skoðanakúgun, forsjárhyggja, einelti, þöggun og mismunun sem við teljum að viðgangist innan borgarkerfisins. Mikið af gögnum og vitnisburðum liggur fyrir varðandi þessi mál sem setja má fram síðar."

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum og skýringum á hvað veldur þessari miklu óánægju sem hér er lýst. Óvenjulegt er að fá bréf sem þetta frá öllum starfsmönnum í einni af deildum borgarinnar. Ætla að mikið þurfi til til að viðkomandi telji sig knúinn til að ákalls sem þetta. Má rekja þetta kannski til yfirstjórnar? Bréf verkstjórans lýsir grafalvarlegri stöðu. Fulltrúi Flokks fólksins spyr, hvað á að gera, hvernig á að bregðast við. Við þetta er ekki hægt að una? Því fer Flokkur fólksins fram á það að fá upplýsingar um það úrbótaferli sem átti að vera í gangi og hvað mun verða gert nú þegar þessar ábendingar hafa borist.

Frestað.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi Loftkastalamálið í Gufunesi Mál nr. US220052

Fram hefur komið frá umhverfis- og skipulagssviði að skoða eigi enn frekar með opnum huga mögulegar lausnir til að koma til móts við umkvartanir hagsmunaaðila. Gera á athuganir með hönnuðum verksins og utanaðkomandi ráðgjöfum. Eftir það á að boða hagaðilum til fundar og kynna niðurstöðuna. Þessi svör og viðbrögð eru einfaldlega ekki nógu góð að mati fulltrúa Flokks fólksins. Spurt er hvort það standi fyrir dyrum að Sviðið gera athuganir á sjálfu sér? Einnig er spurt hvar samráð er statt í öllu þessu máli eins og einmitt hefur verið tiltekið að eigi að hafa í umsögn fyrir framkvæmdaleyfi frá Umhverfis- og skipulagssviði?

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi, tillögu um leiðir til að skýla stofnvegi undir Esju gegn vindi Mál nr. US220053

Tíðar vegalokanir vegna veðurs á Kjalarnesi þessa dagana vekja upp þá spurningu hvort að hægt sé að tryggja íbúum meira öryggi vegna vindstrengja og vindhviða við og undir Esjunni. Ekki aðeins er um að ræða öryggi íbúa á svæðinu og einu leið þeirra til og frá heimili sínu að vinnu og þjónustu (þ.m.t. endurvinnslustöðvar og heilbrigðisþjónustu) heldur einnig aðalumferðaræð landsbyggðar til Reykjavíkur. Hugsanlegt er að skjólveggur eða skjólbelti af einhverri gerð gæti dregið úr þessum vanda og er því lagt til að umhverfis og skipulagssviði verði falið að skoða og finna raunhæfar lausnir á þessum vanda.

Frestað.

28. Fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar Mál nr. US220054

Nú liggja í loftinu miklar breytingar varðandi staðsetningu á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar vegna áforma um fyrsta áfanga Borgarlínu. Malbikunarstöðin Höfði er að flytja til Hafnarfjarðar. Knarrarvogur 2 var keyptur fyrir nokkrum dögum vegna Borgarlínunnar. Þjónustumiðstöðin við Stórhöfða 7-9 mun þurfa að víkja vegna Borgarlínustöðvar á Höfða og aðstaða vetrarþjónustu á Þórðarhöfða 4 þarf að leggjast af. Því er spurt: 1. Hversu lengi er áætlað að saltgeymslan og önnur starfsemi vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar verði á Þórðarhöfða 4. 2. Er slík starfsemi í gangi annars staðar á vegum Reykjavíkurborgar. 3. Hvað er Reykjavíkurborg með mikið húsnæði á leigu við Þórðarhöfða 4, af hverjum og hver er leigukostnaðurinn. 4. Hvert er áætlað að starfsemin á Þórðarhöfða 4 fari

þegar framkvæmdir við Borgarlínu og aðra uppbyggingu hefst. 5. Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar er við Stórhöfða 7-9. Er lóðin og húsnæðið þar í eign borgarinnar og hversu lengi er áætlað að þessi starfsemi verði þar, en ein stærsta stoppistöð Borgarlínunnar og leið hennar liggur í gegnum þessa lóð. 6. Ef um er að ræða leigu á aðstöðu Reykjavíkurborgar við Stórhöfða 7-9, af hverjum er leigt, hversu lengi og hver er leigukostnaðurinn. 7. Hvert er áætlað að starfsemin við Stórhöfða 7-9 flyti þegar framkvæmdir við borgarlínu og aðra uppbyggingu á svæðinu hefst.

Frestað.

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um sorpflokkun Mál nr. US220055

Sveitarfélög eru ekki komin langt í að endurvinna gler þó að það eigi að fara að safna því núna. Samkvæmt skuldbindingum okkar gagnvart ESB eigum við að endurvinna gler en það er ekki gert enn. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn um hvenær endurvinnsla glers hefjist í Reykjavík? Einnig er spurt um hvaða aðgerðir á að grípa til, til þess að flokka plast í flokka til þess að sem mest af því verður endurunnið? Verður það gert hér á landi eða sent til úrvinnslu erlendis þar sem lögð er áhersla á að endurvinna sem mest. Eða verður þessu brennt? Núverandi hugmyndir eru um hátæknibrennslustöð, en slík stöð endurvinnur ekki, hún brennir oft endurvinnanlegu efni. Hátæknibrennslustöð er því ekkert annað en milliskref en ekki endanlegt ferli.

Frestað.

30. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um vetrarþjónustu Mál nr. US220056

Reykjavíkurborg keypti bíl í vetrarþjónustu þvert á þarfagreiningar sem reyndist ónothæf þar sem hún gat ekki borið eins tonna saltkassa sem notaðir eru til að hálkuverja þrengri götur borgarinnar.

1. Hvað kostaði bíllinn?
2. Var farið í verðkönnun?
3. Hver er seljandi bílsins?
4. Eru fleiri svona kaup sem ekki hefur verið upplýst um?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 11:36**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Ólafur Kr. Guðmundsson
Örn Þórðarson

Ragna Sigurðardóttir
Marta Guðjónsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 8. febrúar kl. 10:08 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1150. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Edda Þórsdóttir og Óskar Torfi Þorvaldsson.

Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Akurgerði 37 (18.132.02) 107889 Mál nr. BN059963

Bryndís Theresía Gísladóttir, Akurgerði 37, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr með einhalla þaki á lóð nr. 37 við Akurgerði.

Stærð bílskúrs er: 40,0 ferm., 126,4 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. október 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. október 2021.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar nr.001, 002 dags. 17. september 2021.
2. Austurberg 5 (46.637.01) 112063 Mál nr. BN060019

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypta óeinangraða byggingu á einni hæð, mhl.07, fyrir sorp- og hjólageymslur við austurhlíð Fjölbautarskólans í Breiðholti, mhl.05, á lóð nr. 5 við.

Stærð mhl.07: 105.8 ferm., 328.1 rúmm.

Erindi fylgja bréf frá hönnuði dags. 18. nóvember 2021 og 4. október 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Ármúli 32 (12.932.01) 103808 Mál nr. BN060505

660402-6750 Sameind ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN057528, um er að ræða reyndarteikningar í kjölfar athugasemda við öryggisúttekt sem í felst að breyta aðkomu við aðalinngang, fækka bílastæðum, síkka gluggum á norðausturhlíð, bæta við loftræsikerfi á þak bakhúss, inngangur starfsmanna að verönd færður, veggur og hurð við kæli fjarlægður, tilbúinn kæli settur inn í stað þess,

lagna/tæknirými stækkað, þrepum bætt við í stað pallalyftu og handlaug færð í blóðtökuherbergi í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.

Stærð: Óbreytt

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Uppfærðum gögnum framvísað vísað til skipulagsfulltrúa.

4. Ásvegur 11 (13.531.21) 104239 Mál nr.
BN060482

Auður Jóna Erlingsdóttir, Hamrabýggð 16, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054381 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð, breyta gluggapóstum og til að gera verönd á þaki bílskúrs við hús á lóð nr. 11 við Ásveg.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Bankastræti 5 (11.700.08) 101326 Mál nr.
BN060541

520521-0700 B Reykjavík ehf., Njálsgötu 23, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059972 þannig að tegund veitingastaðar verður f í stað b á lóð nr. 5 við Bankastræti.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. Bíldshöfði 9 (40.620.01) 110629 Mál nr.
BN060533

680208-0690 Span-Ice ehf., Pósthólf 38, 222 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til þess að innrétta verslun í rými ? með lager í rými? og veitingasölu í flokki 1, tegund c, fyrir mest ? gesti, síkka glugga, bæta við gluggum og gera tvö nýja innganga á vesturhlið jarðhæðar í gera nýja glugga of tvo nýja innganga, á jarðhæð í verslunar-og þjónustuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

7. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr.
BN060428

581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055486 þannig að innra skipulagi að verslunarrými er breytt í lager og vörumóttaka endurnýjuð, í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

8. Bolholt 6-8 (12.512.03) 103441 Mál nr.
BN058465

420481-0479 Húsfélagið Bolholti 6, Bolholti 6, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0101 sem jafnframt er stækkað á kostnað rýmis 0103, í húsi nr. 6 á lóð nr. 6-8 við Bolholt.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

9. Brautarholt 2 (12.412.01) 103019 Mál nr.
BN060340
670812-0810 Alma C ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að í rými 0102 verður gerð kaffibrennsla og í rými 0101 kaffihús í fl II, tegund e, fyrir 64 gesti, á fyrstu hæð verður gert framleiðslueldhús, gestamóttöku breytt í fundarrými og komið fyrir útloftun frá kaffibrennslu og framleiðslueldhúsi í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
10. Brekknaás 6 Mál nr.
BN060530
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja íbúðakjarna með sex íbúðum, starfsmannaaðstöðu og hjólageymslu á lóð nr. 6 við Brekknaás.
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg, verkfræðistofa dags. 1. febrúar 2022.
Mhl. 01: 639,6 ferm., 2.256,2 rúmm.
Mhl. 02: 28,8 ferm., 77,8 rúmm.
Samtals: 668,4 ferm., 2.234 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Bústaðavegur 145a Mál nr.
BN060525
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð raforku úr forsteyptum einingum á lóð nr. 145A við Bústaðaveg.
Stærð er: 17,3 ferm., 65,8 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Bæjarflöt 19 (25.784.04) 224867 Mál nr.
BN060438
620617-2880 Þvergil ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059285, þannig að frágangi lóðar er breytt, stoðveggir settir á milli húsa, bílastæðum fjölgað um 5 stæði, stiga er breytt og gluggum, auk þess sem eignum er fjölgað úr 6 í 7 fyrir í hverju húsi og stærðir í skráningartöflu fyrir hvern mhl. aukast fyrir hús A, B og C á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.
Stækkun 29,7 ferm., 4.900,6 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
13. Einarsnes 35A (16.705.08) 106756 Mál nr.
BN060522
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa staðsteypta spennistöð 01 0101 F2029344 á lóð nr. 35A við Einarsnes.
Stærð húss er: 33,7 ferm., 88,0 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Esjugrund 5 (32.473.703) 125784 Mál nr. BN060350
430205-0720 Sambýlið Esjugrund 5 slf, Esjugrund 5, 116 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að taka niður vegg á milli eldhúss og skála, fylla upp í gryfju í stofu og koma fyrir nýrri útihurð á norð-vestur hlið húss, á lóð nr. 5 við Esjugrund. Erindi fylgir umboð frá umsækjanda ódags.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
15. Faxafen 14 (14.662.01) 195611 Mál nr. BN059944
710815-2670 Theo fasteignafélag ehf., Reykási 16, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi hárgreiðslustofu á 1. hæð í rými 0101, komið er fyrir kaffistofu og snyrtingu í húsi á lóð nr. 14 við Faxafen.
Stærð er: Óbreytt.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. Flugvöllur Nauthólsvegur (16.6--.99) 106748 Mál nr. BN060489
550210-0370 Isavia ohf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053877 vegna lokaúttektar, þannig að fallið er frá breytingum á búningsherbergi starfsmanna á 7. hæð og er því sá hluti teikningar færður aftur í fyrra horf í húsi flugturns á lóð nr. L106748 á Reykjavíkurflugvelli.
Stærð: óbreytt
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.
17. Fossvogsvegur 8 (18.492.01) 225721 Mál nr. BN060475
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058359 þannig að bætt er við bílgeymslu undir plötu neðstu hæðar fyrir 15 bíla og hús verður einangrað að utan klætt hvíttri, sléttri állklæðningu með viðarklæðningu milli glugga á þriggja hæða fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Fossvogsveg.
Erindi fylgir afrit af deiliskipulagsbreytingu auglýst í B-deild 8. desember 2021, bréf hönnuðar um breytingar dags. 14. janúar 2022, skýringarmynd af hæðarlegu lóðar og greinargerð arkitekts um breytingar ódagsett.
Stækkun, 1.435,3 ferm., 3.282,2 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 4.253,9 ferm., 13.385,9 rúmm.
B-rými: 189,2 ferm.
Samtals: 4.443 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Framnesvegur 31B (11.345.17) 226399 Mál nr. BN060518
Steinunn Þórarinsdóttir, Framnesvegur 68, 101 Reykjavík
Jón Ársæll Þórðarson, Framnesvegur 68, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir tímabundinni opnun milli rýma 02-0101, húss á lóð nr. 70 við Sólvallagötu og 02-0101, húss á lóð nr. 31B við Framnesveg án eldvarnarhurðar í húsi á lóð nr. 31B við Framnesveg.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 15. desember 2021, bréf hönnuðar dags. 24. janúar 2022, yfirlit hönnunargagna, ódagsett og afrit útgefina lóðarblaða.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Freyjugata 9 (11.842.09) 102031 Mál nr. BN060346

Ketill Gunnarsson, Freyjugata 9, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja hluta af útvegg að svalaskýli, 0404, og gera að hluta alrýmis í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi, mhl,01 á lóð nr. 9 við Freyjugötu.

Stækkun íbúðar 0401: 5.3 ferm., 13.9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 9. desember 2021 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum stimpluðum 9. febrúar 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Gerðarbrunnur 20-22 (50.564.04) 206055 Mál nr. BN060334

Steinar Karlsson, Víkurbakki 22, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN038485, vegna lokaúttektar og eru breytingar þær helstar að húsið verður klætt með málmklæðningu en ekki málm- og timburklæðningu, stigi í garði nr. 20 færast að lóðarmörkum, svalahandrið verður klætt málmklæðningu og ýmsar aðrar smá breytingar á parhúsi á lóð nr. 20-22 við Gerðarbrunn.

Samþykki frá eiganda nr. 18 fylgir dags. fylgir.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

21. Gerðarbrunnur 46 (50.547.02) 206061 Mál nr. BN060415

Hálfdán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn.

Stærðir: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 5.054.7 dags. 8. janúar 2019 og hæðablað 5.054.7-B4 dags. maí 2018.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. Grensásvegur 13 (14.650.01) 105680 Mál nr. BN060412

621101-5010 Útlitslækning ehf, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þriðju hæðar, þ.e. breytt læknastofum í skurðstofur og vöknun í húsi á lóð nr. 13 við Grensásveg.

Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

